

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa
04 101

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa
kt. 710812-0120
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta. Hlutverk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er að búa í haginn fyrir öflugt og framsækið atvinnulífi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 16 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.017,3 milljónir og afkoma kr. 17,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 157,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 300,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, aðalskrifstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, aðalskrifstofu fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Guðrún Gísladóttir,
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	994.800.000	1.021.300.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	14.520.562	9.166.373
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.948.908	10.124.016
Tekjur samtals		<u>1.017.269.470</u>	<u>1.040.590.389</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	765.697.893	731.939.642
Framlög og tilfærslur	5	4.178.743	3.782.885
Annar rekstrarkostnaður	6	222.435.945	260.571.519
Afskriftir	7	7.948.908	10.124.016
Gjöld samtals		<u>1.000.261.489</u>	<u>1.006.418.062</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		17.007.981	34.172.327
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	130
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(31.321)	(79.428)
		<u>(31.321)</u>	<u>(79.298)</u>
Afkoma ársins		<u><u>16.976.660</u></u>	<u><u>34.093.029</u></u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	13.255.403	25.675.914
Rekstrartilfærslur		3.721.257	8.417.115
		<u>16.976.660</u>	<u>34.093.029</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld og búnaður		28.157.313	27.370.633
Aðrar eignir		695.118	739.517
Fastafjármunir samtals		<u>28.852.431</u>	<u>28.110.150</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		106.710	33.200
Tengdir aðilar	9	264.734.580	263.518.676
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		842.067	613.717
Handbært fé		6.324.164	385.990
Veltufjármunir samtals		<u>272.007.521</u>	<u>264.551.583</u>
Eignir samtals		<u>300.859.952</u>	<u>292.661.733</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		157.808.618	140.831.958
Eigið fé samtals		<u>157.808.618</u>	<u>140.831.958</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	487.483	1.120.425
Viðskiptaskuldir		5.964.175	28.223.737
Ýmsar skammtímaskuldir	11	89.579.925	76.301.954
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	47.019.751	46.183.659
Skuldir samtals		<u>143.051.334</u>	<u>151.829.775</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>300.859.952</u>	<u>292.661.733</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		16.976.660	34.093.029
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	7.948.908	10.124.016
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.948.908)	(10.124.016)
		<u>16.976.660</u>	<u>34.093.029</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(301.860)	548.718
Tengdir aðilar		(1.755.035)	(35.404.481)
Skammtímaskuldir		(8.981.591)	804.981
		<u>(11.038.486)</u>	<u>(34.050.782)</u>
		<u>5.938.174</u>	<u>42.247</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(8.691.189)	(6.328.888)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		85.000	15.902.397
		<u>(8.606.189)</u>	<u>9.573.509</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(93.811)	(18.073.509)
Fjárfestingarframlag		8.700.000	8.500.000
		<u>8.606.189</u>	<u>(9.573.509)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		5.938.174	42.247
		<u>385.990</u>	<u>343.743</u>
		<u>6.324.164</u>	<u>385.990</u>

0

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynt annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár og óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur).

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	994.800.000	1.029.800.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(8.500.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	994.800.000	1.021.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.948.908	10.124.016
	<u>1.002.748.908</u>	<u>1.031.424.016</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	986.900.000	3.500.000	0	990.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	4.400.000	0	4.400.000
Fjárveiting til tekna	986.900.000	7.900.000	0	994.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum .	(973.644.597)	(4.178.743)	0	(977.823.340)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	13.255.403	3.721.257	0	16.976.660

	2019	2018
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	14.330.307	9.000.000
Ýmsar tekjur	190.255	166.373
	<u>14.520.562</u>	<u>9.166.373</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	614.105.790	595.403.557
Orlof, breyting	5.393.518	(6.344.649)
Launatengd gjöld	138.427.511	135.116.656
Starfsmannakostnaður	7.771.074	7.764.078
	<u>765.697.893</u>	<u>731.939.642</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	56,5	55,6

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	500.000	0
Rekstrartilfærslur aðrir	3.678.743	3.782.885
	<u>4.178.743</u>	<u>3.782.885</u>

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.053.011	3.232.013
Byggingarvörur, almennar	58.204	24.230
Ýmis tæki og áhöld	3.624.076	2.762.521
Varahlutir og viðhaldsvörur	11.157	8.187
Orkugjafir	4.447.992	5.012.945
Matvæli	9.957.391	10.282.316
Almennar rekstrarvörur	654.471	651.849
Vörukaup, almenn	20.806.302	21.974.061
Kennslu- og fündurvörur	31.050	12.549
Ýmsar sérgreindar vörur	0	8.970
Vörukaup, sérgreind	31.050	21.519
Fundir, námskeið, risna	11.536.206	7.464.837
Ferðir, uppihald	33.846.271	44.709.190
Akstur	4.211.601	5.427.672
Sérfræðiþjónusta	31.214.550	55.795.102
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	49.018	47.380
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	14.308.218	12.894.571
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	6.615.187	11.424.749
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	101.781.051	137.763.501
Afnotagjöld	13.734.382	15.208.964
Leigugjöld	39.039.300	43.064.957
Notkun véla og flutningatækja	13.470	0
Verkkaup	13.535.437	10.915.898
Kostnaðarhlutdeild	33.467.609	31.283.884
Tryggingar, lögboðnar	0	276.066
Opinber gjöld	27.344	62.669
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	99.817.542	100.812.438
Annar rekstrarkostnaður samtals	222.435.945	260.571.519
7 Afskriftir		
Áhöld og búnaður	7.784.917	9.264.309
Farartæki og vélar	0	689.541
Aðrar eignir	44.399	44.399
Sölutap og úreltar eignir	119.592	125.767
	7.948.908	10.124.016

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður	28.157.313	27.370.633
Aðrar eignir	695.118	739.517
	<u>28.852.431</u>	<u>28.110.150</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	74.415.935	944.004	75.359.939
Viðbætur á árinu	8.691.189	0	8.691.189
Selt/niðurfært á árinu	(2.342.555)	0	(2.342.555)
	<u>80.764.569</u>	<u>944.004</u>	<u>81.708.573</u>
Afskriftir 1.1.2019	47.045.302	204.487	47.249.789
Selt/niðurfært á árinu	(2.222.963)	0	(2.222.963)
Afskrift ársins	7.784.917	44.399	7.829.316
	<u>52.607.256</u>	<u>248.886</u>	<u>52.856.142</u>
Staða 31.12.2019	<u>28.157.313</u>	<u>695.118</u>	<u>28.852.431</u>

31.12.2019 31.12.2018

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	264.734.580	184.942.514
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	78.576.162
	<u>264.734.580</u>	<u>263.518.676</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	487.483	1.120.425
	<u>487.483</u>	<u>1.120.425</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	140.831.958	106.738.929
Afkoma ársins	16.976.660	34.093.029
Jöfnuður 31.12.	<u>157.808.618</u>	<u>140.831.958</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

11 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof	81.695.472	76.301.954
Ógreidd laun	3.549.332	0
	<u>89.579.925</u>	<u>76.301.954</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	28.852.431	28.110.150
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	18.167.320	18.073.509
	<u>47.019.751</u>	<u>46.183.659</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	28.110.150	18.073.509	46.183.659
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	8.700.000	8.700.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	85.000	85.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.691.189	(8.691.189)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(7.948.908)	0	(7.948.908)
	<u>28.852.431</u>	<u>18.167.320</u>	<u>47.019.751</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 8,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði og tímabundinn skuldbindandi samning um þjónustu. Greiðslur vegna húsaleigusamnings mun nema kr. 38,8 milljónir árið 2020 og vegna þjónustusamnings kr. 5,2 milljónum árið 2020.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loford

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loford sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.